

Ríkislögreglustjóri  
Rauðarárstíg 25  
105 Reykjavík

Reykjavík, 21. maí 2026

## Efni: Verklag lögreglu við valdbeitingu og notkun vopna

Mannréttindastofnun Íslands starfar samkvæmt lögum nr. 88/2024, en meginhlutverk hennar er að efla og vernda mannréttindi á Íslandi. Mannréttindastofnun hefur eftirlit með framkvæmd laga og alþjóðlegra skuldbindinga Íslands á sviði mannréttinda og skal vera opinberum aðilum til ráðgjafar um eflingu og vernd mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins. Stofnunin sinnir jafnframt réttindagæslu fyrir fatlað fólk.

Hvers kyns valdbeiting lögreglu felur í sér í sér íþyngjandi skerðingu á mannréttindum einstaklinga og þarf því að tryggja að reglur og framkvæmd lögreglu gangi ekki lengra en brýna nauðsyn ber til og séu í fullu samræmi við mannréttindi. Á það ekki síst við í ljósi þeirra áhrifa sem beiting valds hefur á traust borgara til lögreglu og öryggisfinningu þeirra. Mikilvægt er að athafnir lögreglu komi ekki í veg fyrir að fólk nýti borgarleg réttindi sín, þar á meðal tjáningarfrelsi.

Í ljósi þeirrar umræðu sem hefur átt sér stað um beitingu rafbyssu gagnvart einstaklingi í viðkvæmri stöðu óskar Mannréttindastofnun eftir að fá sendar þær verklagsreglur sem hafa verið settar um notkun rafvarnavopna, sbr. 19. gr. reglna nr. 1740/2022. Þá óskar stofnunin eftir öðrum verklagsreglum eða leiðbeiningum sem kunna að hafa verið settar um annars konar valdbeitingu, þar á meðal notkun hrákagríma.

Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um það hvort einhverjar sérstakar verklagsreglur eða leiðbeiningar hafi verið gefnar út varðandi valdbeitingu og notkun vopna gagnvart einstaklingum í viðkvæmri stöðu, þar á meðal fötluðu fólki, fólki með geðrænan vanda og börnum. Einnig er óskað eftir upplýsingum um það

hvort til staðar séu einhverjar reglur eða viðmið um störf sérsveitar við slíkar aðstæður. Séu slíkar reglur til staðar óskar stofnunin eftir afriti af þeim.

Óskað er eftir því að svör berist á netfangið [mannrettindi@mannrettindi.is](mailto:mannrettindi@mannrettindi.is) eins fljótt og við verður komið. Bent er á að samkvæmt 7. gr. laga nr. 88/2024 er stofnunum, fyrirtækjum og félagasamtökum skylt að veita Mannréttindastofnun Íslands allar þær upplýsingar og skriflegar skýringar sem stofnunin telur nauðsynlegar til þess að geta sinnt hlutverki sínu.

Að lokum minnir Mannréttindastofnun á að eitt af meginhlutverkum hennar er að vera til ráðgjafar um vernd mannréttinda og er stofnunin því reiðubúin til þess að veita frekari leiðbeiningar eða ráðgjöf um valdbeitingu eða önnur mál sem varða mannréttindi með einum eða öðrum hætti.

Virðingarfyllst,



Margrét María Sigurðardóttir,  
framkvæmdastjóri